


NAFN: \_\_\_\_\_

VMA / ÍSAN  
Haustönn 2023

# Íslenska fyrir alla



HEFTI 1 (6 kaflar)  
+aukaefni

Sólborg Jónsdóttir og Þorbjörg Halldórsdóttir  
Myndir eftir Böðvar Leós

## Efnisyfirlit

### hefti 1

1. Hvað heitir þú? .....	4
Hvað kann ég? .....	13
Sjálfsmat .....	14
Málfræði .....	15
2. Íslenska stafrófið .....	16
Sjálfsmat .....	20
3. Hvað ert þú að gera? .....	21
Hvað kann ég? .....	29
Sjálfsmat .....	30
Málfræði .....	31
4. Hvað kostar þetta? .....	33
Hvað kann ég? .....	39
Sjálfsmat .....	40
Málfræði .....	41
5. Hvenær átt þú afmæli? .....	43
Sjálfsmat .....	47
Málfræði .....	48
6. Hvað er klukkan? .....	49
Hvað kann ég? .....	55
Sjálfsmat .....	56
Málfræði .....	57

### hefti 2

---

7. Hvað gerir þú? .....	58
Hvað kann ég? .....	68
Sjálfsmat .....	71
Málfræði .....	72
8. Hvað er í matinn? .....	74
Hvað kann ég? .....	87
Sjálfsmat .....	88
Málfræði .....	89
9. Hvar er bankinn? .....	91
Hvað kann ég? .....	97
Sjálfsmat .....	98
Málfræði .....	99
10. Hvernig líður þér? .....	100
Hvað kann ég? .....	105
Sjálfsmat .....	106
Málfræði .....	107
Íslenska fyrir alla 1 – Hvað kann ég? .....	108



## 1. Hvað heitir þú?



H1.1-H1.5

Hvað heitir þú?

Ég heiti Adam.



Hvað heitir þú?	Ég heiti Adam.
Hvað heitir þú?	Adam
	En þú?

## 1.1 Tölum saman!



Kennari: Ég heiti..... Hvað heitir þú?

Nemandi 1: Ég heiti..... Hvað heitir þú?

Nemandi 2: Ég heiti.....

# Að vera – að heita



## Að vera

## Að heita

Ég	er	frá Íslandi	Ég	heiti	Anna
Þú	ert	frá Kína	Þú	heitir	Jing
Hann	er	strákur	Hann	heitir	John
Hún		stelpa	Hún		Lena
Það		barn	Það		Bína
Við	erum	á Íslandi	Við	heitum	nöfnum
Þið	eruð	í skóla	Þið	heitið	“
Þeir	eru	í Evrópu	Þeir	heita	“
Þær			“		
Þau			“		



Ég		kennari	þú		Daníel
	ert	maður	þið		á Íslandi
Hann		strákur	þeir		í strætó
Hún		Lísa	þær		í bíó
	erum	nemendur	Hann		Róbert

## Orðaforði / glossary


að vera = to be / að heita = to be called / við = we / þið = you / þeir, þær, þau = they

nemendur = students / nöfnum = names / á Íslandi = in Iceland / í strætó = on the bus / í bíó = in the cinema

## 2. Hvaðan ert þú? H1.6-H1.7

Ég er frá Íslandi. Hvaðan ert þú?

Ég er frá Póllandi.



<p>Hvaðan ert þú?</p>		<p>Ég er frá Rússlandi. Frá Rússlandi.</p>
<p>Frá hvaða landi kemur þú?</p>		<p>Ég kem frá Taílandi. Frá Taílandi. En þú?</p>

### 2.1 Tölum saman!

Kennari: Ég er frá.... Hvaðan ert þú?

Nemandi 1: Ég er frá.... Hvaðan ert þú?

Nemandi 2: Ég er frá...

### 3. Komdu sæll



H1.8

Susanna: Komdu sæll.

Rafael: Komdu sæl.

Susanna: Hvað heitir þú?

Rafael: Ég heiti Rafael, en þú?

Susanna: Ég heiti Susanna.

Rafael: Hvaðan ertu?

Susanna: Ég er frá Danmörku, en þú?

Rafael: Ég kem frá Spáni.

Susanna: Vertu sæll.

Rafael: Vertu sæl.



Hvað **heitir þú**?

Ég heiti...

Hvað **heitir þú**?

Ég heiti ...

Hvaðan **ert þú**?

Ég er frá ...

Hvaðan **ertu**?

Ég er frá...

#### 3.1 Tölum saman!



a) Komdu sæll/Komdu sæl

*Komdu sæl/Komdu sæl*

b) Hvað heitir þú?

*Ég heiti ...*

c) Hvaðan ert þú?

*Ég er frá ...*

d) Vertu sæll/Vertu sæl

*Vertu sæll/Vertu sæl*

## 4. Hvað segir þú gott?

H1.9-H1.10



Hvað <b>segir þú</b> ?	Allt gott Allt fínt Allt ágætt
Hvað <b>segir þú gott</b> ?	Allt sæmilegt Bara fínt
Hvað <b>segirðu</b> gott?	Allt fínt bara En þú?

### 4.1 Sjáumst!

H1.11

Tam: Halló Adam, hvað segir þú gott?

Adam: Allt fínt, en þú?

Tam: Allt ágætt.

Adam: Sjáumst á morgun. Bless, bless.

Tam: Já, sjáumst. Bæ, bæ.

## 5. Hvaða mál talar þú?



H1.12



Hvaða mál talar þú?

Ég tala rússnesku.  
Rússnesku.

En þú?

Hvaða tungumál talar þú?

Ég tala taílensku og íslensku.  
Taílensku og íslensku.

### 5.1 Hlustaðu og merktu við rétt svör



H1.13

Dæmi: *María*

ensku

- 1 Anna      a dönsku
- 2 Símon     b spænsku
- 3 Rafael    c pólsku
- 4 Susanna   d rússnesku
- 5 Adam     e íslensku
- 6 Vala      f ensku

### 5.2 Í skólanum



H1.14

Algis:      Takk fyrir tímann!

Kennarinn: Takk sömuleiðis!

Algis:      Bless, bless.





## 6. Hver er þetta?



Þetta er kona.



H1.15

Konan heitir Sóley Lárusdóttir.

Hún er frá Íslandi.

Hún talar íslensku, ensku  
og þýsku.

Hvað heitir konan?

*Konan heitir...*

Hvaðan er hún?

*Hún er frá...*

*Sóley Lárusdóttir*



Þetta er maður.



H1.16

Maðurinn heitir Jón Ólafsson.

Hann er frá Íslandi.

Hann talar spænsku og íslensku.

Hvað heitir maðurinn?

*Maðurinn heitir...*

Hvaða mál talar hann?

*Hann talar...*

*Jón Ólafsson*

Ég heiti Ari.



Þetta er strákur.

Hvað heitir hann?

Ég heiti Raket.

Þetta er stelpa.

Hvað heitir hún?



### Hvað segir Fríða frænka?

Af hverju heita allir ...,dóttir“  
og ...,son“ á Íslandi?

Sóley er Lárusdóttir af því  
að pabbi hennar heitir Lárus.



Sóley er dóttir Lárusar.

Jón er Ólafsson af því að  
pabbi hans heitir Ólafur.  
Jón er sonur Ólafs.



## 6.1 Hlustaðu og merktu við rétt svar



H1.17

a) Hlustaðu á **konuna**. Hvað segir hún?

Ég heiti  Anna  Jolanta  Vala

Ég er frá  Póllandi  Íslandi  Englandi

Ég tala  íslensku og ensku  pólsku og íslensku  pólsku og ensku

Ég segi  allt ágætt  allt gott  allt sæmilegt

b) Hlustaðu á **manninn**. Hvað segir hann?

Ég heiti  Símon  Jón  Rafael

Ég er frá  Englandi  Íslandi  Spáni

Ég tala  ensku og íslensku  íslensku og dönsku  spænsku og íslensku

Ég segi  allt ágætt  allt gott  allt sæmilegt

## 6.2 Segðu frá



Hvað heitir konan? *Hún heitir ...*

Hvaða mál talar hún? ...

Hvað segir hún gott? ...

Hvað heitir maðurinn? *Hann heitir ...*

Hvaða mál talar hann? ...

Hvað segir hann gott? ...

## 6.3 Skrifaðu svörin



Hvað heitir þú? Ég \_\_\_\_\_

Hvaðan ert þú? \_\_\_\_\_

Hvað segir þú gott? \_\_\_\_\_

Hvaða mál talar þú? \_\_\_\_\_

## 7. Hvað er þetta?

Hvað er á myndinni?



## 7.1 Hlustaðu og endurtaktu



H1.18

Settu rétt númer við rétta mynd



1. borð  
2. bók  
3. maður  
4. kona  
5. bolli  
6. gluggi  
7. stelpa  
8. kaffi  
9. hilla  
10. strákur  
11. sófi  
12. stóll  
13. mynd  
14. lampi  
15. kaka  
16. blað

## 8. Hvað kann ég?




### 8.1 Tengdu á milli



Góðan daginn	Komdu sæl
Góða kvöldið	Góðan dag
Hvað segirðu gott?	Vertu sæll
Komdu sæll	Ensku
Hvaðan ert þú?	Já, sjáumst
Vertu sæl	Sömuleiðis
Hvaða mál talar þú?	Frá Íslandi
Sjáumst!	Gott kvöld
Takk fyrir tímann	Allt fínt

### 8.2 Hvað er fólkíð að segja?



### 8.3 Tölum saman!



Skrifið rétt orð og spyrjið hvert annað

**A**

- a) Komdu \_\_\_\_\_.
- b) Hvað \_\_\_\_\_ þú?
- c) Hvaðan ert \_\_\_\_\_?
- d) Hvaða mál \_\_\_\_\_ þú?
- e) Hvað \_\_\_\_\_ þú gott?
- f) Takk fyrir \_\_\_\_\_.
- g) Sjáumst!
- h) Bless, \_\_\_\_\_.

**B**

- Komdu \_\_\_\_\_.
- Ég \_\_\_\_\_.
- Ég er frá \_\_\_\_\_.
- Ég tala \_\_\_\_\_.
- Ég segi \_\_\_\_\_.
- Takk, \_\_\_\_\_.
- Já, \_\_\_\_\_.
- Bless.

## 9. Sjálfsmat – Petta kann ég!



### 1. Ég kann að segja frá mér

- Ég heiti...
- Ég er frá...
- Ég tala...

### 2. Ég kann að spyrja

- Hvað heitir þú?
- Hvaðan ert þú?
- Hvaða mál talar þú?

### 3. Ég kann að heilsa

- Komdu sæll/Komdu sæl
- Halló
- Hæ

### 4. Ég kann að kveðja

- Vertu sæll/Vertu sæl
- Bless
- Bæ
- Sjáumst

### 5. Ég kann að bjóða góðan daginn

- Góðan daginn
- Góðan dag

### 6. Ég kann að bjóða gott kvöld

- Gott kvöld
- Góða kvöldið

### 7. Ég kann að spyrja

- Hvað segir þú gott í dag?
- Hvað segir þú gott?

### 8. Ég kann að segja/svara

- Ég segi allt gott
- Allt fínt
- Allt ágætt
- Allt sæmilegt

### 9. Ég kann orð um fólk





- Petta er maður
- Hann heitir...
- Petta er kona
- Hún heitir...
- Petta er strákur
- Petta er stelpa
- Petta er afi
- Petta er amma

### 10. Ég kann að spyrja um fólk

- Hvað heitir hann?
- Hvað heitir hún?
- Hvaðan er hann?
- Hvaðan er hún?
- Hvaða mál talar hann?
- Hvaða mál talar hún?

### 11. Ég kann að segja þessi orð

Petta er ...



## Málfræði **M**

<b>Ég</b> heiti <b>er</b> frá <b>kem</b> frá tala segi	<b>Þú</b> heitir ert frá kemur frá talar segir	<b>Hann/Hún</b> heitir <b>er</b> frá kemur frá talar segir
---	---	---

### Sagnir



#### Í orðabók:

að heita  
að koma  
að segja  
að tala  
að vera

#### að vera

ég **er**  
þú **ert**  
hann **er**  
hún **er**  
það **er**

Ég er frá Íslandi

**Ert þú ...?**  
= **Ertu ...?**

### Spurnarorð





















Spurning		Svar
<b>Hvað</b>	heitir þú?	Anna
<b>Hvað</b>	segir þú gott?	Allt gott
<b>Hvaðan</b>	ert þú?	Íslandi
<b>Hvaðan</b>	kemur þú?	Spáni
<b>Hvaða</b>	mál talar þú?	Íslensku

### Kyn nafnorða

karlkyn – hann		kvenkyn – hún		hvorugkyn – það	
maður	maðurinn	kona	konan	barn	barnið
strákur	strákurinn	stelpa	stelpa	borð	borðið
stóll	stóllinn	stofa	stofan	kaffi	kaffið
sófi	sófinn	mynd	myndin	blóm	blómið
bolli	bollinn	bók	bókin	sjónvarp	sjónvarpið



## Tala nafnorða

Eintala		Fleirtala	
	<b>maður</b>		<b>menn</b>
	<b>kona</b>		<b>konur</b>
	<b>barn</b>		<b>börn</b>
	<b>stelpa</b>		<b>stelpur</b>
	<b>strákur</b>		<b>strákar</b>
	<b>penni</b>		<b>pennar</b>
	<b>bók</b>		<b>bækur</b>
	<b>taska</b>		<b>töskur</b>
	<b>bíll</b>		<b>bílar</b>
	<b>bolli</b>		<b>bollar</b>

### Orðaforði / glossary

tala nafnorða = referring to that a noun can be singular or plural / eintala = singular / fleirtala = plural



# Hve margir?

Karlkyn




Kvenkyn

Hvorugkyn

margir

margar

mörg



Tvær stelpur

Þrír...

Blank lines for writing answers.

## Orðaforði / glossary

hve margir = *how many* / margir – margar – mörg = *many* / karlkyn = *masculine* / kvenkyn = *feminine*  
hvorugkyn = *neuter*



## 1. Hlustaðu og endurtaktu




H1.19


A a	Á á	B b	D d	Ð ð
E e	É é	F f	G g	H h
I i	Í í	J j	K k	L l
M m	N n	O o	Ó ó	P p
R r	S s	T t	U u	Ú ú
V v	X x	Y y	Ý ý	Þ þ
Æ æ	Ö ö			
Ei ei	Ey ey	Au au		

Stafir sem eru ekki íslenskir: Cc Qq Zz Ww

## 1.1 Að stafa orð. Hlustaðu og skrifaðu orðin



H1.20




## 2. Framburður

a [a]	á [á]	b [bje]	d [dje]	ð [eð]
e [e]	é [je]	f [eff]	g [gje]	h [há]
i [i]	í [í]	j [joð]	k [ká]	l [edl]
m [emm]	n [enn]	o [o]	ó [ó]	þ [pje]
r [err]	s [ess]	t [tje]	u [u]	ú [ú]
v [vaff]	x [eks]	y [ypsilon]	ý [ypsilon í]	þ [þodn]
æ [aí]	ö [ö]	ei [ei]	ey [ei]	au [au (öj)]
c [sjé]	q [kú]	w [tvöfalt vaff]	z [seta]	

## 3. Íslensku sérhljóðarnir. Hlustaðu og endurtaktu



a á	e é	i í	o ó	u ú	y ý	æ	ö	au	ei
-----	-----	-----	-----	-----	-----	---	---	----	----



### 3.1 Tunguleikfimi! Segðu alla stafina í röð eins hratt og þú getur!

a a á á e e é é o o ó ó u u ú ú

a á e é o ó u ú

e e é í i í í ei ei æ æ

au au á á au au á á au au á á

ö ö u u ö ö u u ú ú

æ æ ö ö au au æ æ ö ö au au

## 4. Að stafa nafnið sitt á íslensku



H1.22



**Æfðu þig að stafa þessi nöfn:**

R-A-F-A-E-L

S-I-M-O-N

V-A-L-A

G-U-Ð-R-Ú-N

### 4.1 Tölum saman!



a) Hvað heitir þú?


Ég heiti...

b) Hvernig stafar þú það?

c) Hvaðan ert þú?

Ég er frá...

## Íslensku samhljóðarnir



4.2 a) Hvað heitir þú?


b) Hvernig stafar þú það?

Talaðu við þrjá nemendur í bekknum og skrifaðu nöfnin þeirra



1. \_\_\_\_\_
2. \_\_\_\_\_
3. \_\_\_\_\_

4.3 Hlustaðu og strikaðu undir réttan staf



H1.23

Dæmi: e i é í ei

1. a á au æ ei
2. t d g k b
3. u ú au ö æ
4. m n l r s
5. o ó ú ö au

## 5. Sjálfsmat – Þetta kann ég!

### 1. Ég kann stafrófið

a á b d e é f g h i í j k l m n  
o ó p r s t u ú v x y ý þ æ ö

### 2. Ég kann að stafa

nafnið mitt

landið mitt

### 3. Ég kann að stafa orðin

kennari

gluggi

bók

taska

nemandi

penni

mappa

### 4. Ég kann að spyrja

Hvað heitir þú?  
Hvernig stafar þú það?



Hvaðan ertu?  
Hvernig stafar þú það?




### 5. Ég kann að segja þessi hljóð:

a á e é i í o ó  
u ú y ý æ ö au ei

### 6. Ég kann að segja þessa stafi í röð:

a á a a á au au æ æ á á  
ö ö au au ö ö au au ö ö  
ú u ú u ú u ú u ú u ú u  
t d p b g t d p b t d b g t

## Húsið okkar



Búðu til  
spurningar og  
æfðu notkun  
þessara hugtaka!

við hliðina á  
á milli  
undir  
yfir  
fyrir framan,  
fyrir aftan  
bakvið  
hjá  
hægra megin við  
vinstra megin við  
fyrir ofan  
fyrir neðan

## Heimilið

Herbergin í húsinu  
ris  
þriðja hæð  
önnur hæð  
fyrsta hæð  
kjallari



Hvað er ...

...í risinu?  
... á þriðju hæð?  
... á annarri hæð?  
... á fyrstu hæð?  
... í kjallaranum?

Hvar eldum við matinn?  
Hvar sofum við?  
Hvað er í geymslunni?  
Hvar pissum við?  
Hvað er gert í þvottahúsinu?  
Hvað er á svölunum?  
Hvað gerum við á svölunum?



Í hvernig húsi býrð þú?  
Segðu frá hvernig húsið þitt er.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Búið til fleiri spurningar!

### Mismunandi hús!

- blokk
- raðhús
- einbýlishús
- tvíbýlishús
- ...með bílskúr
- kjallaraíbúð
- íbúð

Ég bý í ...  
blokk  
íbúð  
raðhúsi





## Allt í drasli

Hvar eiga þessi húsgögn og tæki að vera? Settu rétt númer á línuna.

1 - svefnherbergi

2 - eldhús

3 - baðherbergi

4 - stofa

5 - forstofa

6 - þvottahús

\_\_\_ snúra

\_\_\_ fatahengi

\_\_\_ eldavél

\_\_\_ rúm

\_\_\_ skóhilla

\_\_\_ fataskápur

\_\_\_ ísskápur

\_\_\_ sófi

\_\_\_ þurrkari

\_\_\_ sturta

\_\_\_ baðvaskur

\_\_\_ bakaraofn

\_\_\_ sjónvarp

\_\_\_ handklæðaofn

\_\_\_ náttborð

\_\_\_ hægindaþóll



Hvar er ég og hvað er ég að gera?



Hvar er ég og hvað er ég að gera?

### 3 Hvað ert þú að gera?



#### 1. Hvar átt þú heima?




H1.24

Hvar átt þú heima, Símon?

Ég á heima í Reykjavík, en þú?

Ég bý á Selfossi.




Hvar <b>átt</b> þú heima?	Ég <b>á heima</b> í Reykjavík.	
Hvar <b>áttu</b> heima?	Í Reykjavík.	
Hvar <b>býrð</b> þú?	Ég <b>bý</b> á Selfossi.	
Hvar <b>býrðu</b> ?	Á Selfossi.	
	En þú?	

#### Þetta er Ísland



## Að eiga heima

Ég á heima Ég bý	→		←	Þú átt heima Þú býrð
---------------------	---	---	---	-------------------------



Að eiga heima

=

Að búa

Ég á heima

=

Ég bý

Þú átt heima

=

Þú býrð

Ég á heima í Reykjavík

=

Ég bý í Reykjavík

Þú átt heima á Akureyri

=

Þú býrð á Akureyri

Átt þú heima í Reykjavík?

Já, ég á heima í Reykjavík




Býrð þú á Akureyri?



Já, ég bý á Akureyri

### Orðaforði / glossary

að eiga heima = *to live* / að búa = *to live* / Ég á heima = *I live* / Ég bý = *I live* / Þú átt heima = *You live* / Þú býrð = *you live* / Átt þú heima = *Do you live* / Já, ég á heima = *Yes, I live*

## 2. Hvernig ferð þú í skólann?

Hvernig ferð þú í skólann?	Ég...	
	fer gangandi	
	fer í strætó	
	hjóla	
	keyri	
	fæ far	

 maður	<p><b>Hver</b> er þetta?</p> <p>Frá hvaða landi er <b>hann</b>?</p> <p>Hvaða mál talar <b>hann</b>?</p> <p>Hvar á <b>hann</b> heima?</p> <p>Hvernig fer <b>hann</b> í skólann?</p>	<p>Þetta er <b>Símon</b>.</p> <p><b>Hann</b> er frá Englandi.</p> <p><b>Hann</b> talar ensku.</p> <p><b>Hann</b> á heima í Reykjavík.</p> <p><b>Hann</b> fer í strætó.</p>
 kona	<p>Hvað heitir <b>hún</b>?</p> <p>Hvaðan kemur <b>hún</b>?</p> <p>Hvaða mál talar <b>hún</b>?</p> <p>Hvar býr <b>hún</b>?</p> <p>Hvernig fer <b>hún</b> í skólann?</p>	<p>Hún heitir <b>Susanna</b>.</p> <p><b>Hún</b> kemur frá Danmörku.</p> <p><b>Hún</b> talar dönsku og íslensku.</p> <p><b>Hún</b> býr á Akureyri.</p> <p><b>Hún</b> keyrir bíl í skólann.</p>



### Hvað segir Fríða frænka?






Á Íslandi eru ekki lestir! Afhverju?

Á Íslandi ferðast fólk með flugvélum, bílum, strætó, rútu eða með skipi.

Eru lestir í þínu landi?







### 3. Ertu giftur?

	<p>Ert þú giftur?</p> <p>Ert þú gift?</p> <p>Ertu giftur? Ertu gift?</p>	<p>Já, ég er <b>giftur</b>. Nei, ég er <b>ekki giftur</b>.</p> <p>Já, ég er <b>gift</b>. Nei, ég er <b>ekki gift</b>.</p> <p>Nei, ég er <b>skilinn</b>. Nei, ég er <b>skilin</b>.</p> <p>Nei, en ég er í <b>sambúð</b>.</p>
	<p>Átt þú börn?</p> <p>Hvað átt þú <b>mörg</b> börn?</p>	<p>Já, ég <b>á</b> börn. Nei, ég <b>á</b> <b>ekki</b> börn.</p> <p>Ég á... <b>eitt</b> barn. </p> <p><b>tvö</b> börn </p> <p><b>þrjú</b> börn </p>

#### 3.1 Talaðu við 4 nemendur í bekknum

Nafn	Giftur/gift?	Börn?
<i>Adam</i>	<i>Já</i>	<i>Já</i>
_____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____

	Er <b>Símon</b> giftur?	Já, <b>hann er</b> giftur.
	Er <b>Susanna</b> gift?	Nei, <b>hún er</b> skilin.
	Á <b>Símon</b> börn?	Já, <b>hann á</b> eitt barn.
	Á <b>Susanna</b> börn?	Nei, <b>hún á</b> ekki börn.

### 3.2 Í pásunni H1.25


Anna: Ert þú giftur Rafael?

Rafael: Já, og ég á tvö börn.

Anna: Hvað heitir konan **þín**?

Rafael: **Konan mín** heitir María.  
**Sonur minn** heitir Manuel  
og **dóttir mín** heitir Theresa.

Anna: Þú ert ríkur maður Rafael!



### 3.3 Æfðu þig að segja frá sjálfum þér/sjálfri þér




---



---



---



---



---



---


### 3.4 Tölum saman!

- a) Komdu sæll/Komdu sæl!
- b) Hvað segir þú gott?
- c) Hvar býrð þú? Ég bý...
- d) Hvernig ferð þú í skólann? Ég fer...
- e) Ertu giftur/Ertu gift?
- f) Átt þú börn?

### 4. Ert þú að vinna? H1.26

- Kona: Góðan daginn.
- Strákur: Góðan dag.
- Kona: Ert þú að vinna?
- Strákur: Já, ég er að vinna.
- Kona: Hvar ertu að vinna?
- Strákur: Ég er að vinna á spítala, en þú?
- Kona: Ég er að leita að vinnu.
- Strákur: Gangi þér vel.
- Kona: Takk.



<b>Ert þú að vinna?</b>	<b>Já, ég er að vinna.</b>	
<b>Ertu að vinna?</b>	<b>Nei, ég er ekki að vinna.</b> <b>Ég er að leita að vinnu.</b>	



Hann vinnur á spítala.

Vinnur þú á spítala?

**Já**, ég vinn á \_\_\_\_\_

**Nei**, ég vinn **ekki** á \_\_\_\_\_

Ég vinn \_\_\_\_\_



Hún er að leita að vinnu.

Ert þú að leita að vinnu?

**Já**, ég er að \_\_\_\_\_

**Nei**, ég er **ekki** að \_\_\_\_\_

## 5. Hvað ert þú að gera?



H1.27

Anna er að vinna á skrifstofu.  
Hún er að vinna á tölvu.  
Hún er að lesa og skrifa.  
Hún er líka að tala í símann.



### 5.1 Hvað er fólk að gera?

Settu rétt númer við rétta mynd




1. Hann er að drekka
2. Hann er að keyra
3. Hann er að lesa
4. Hún er að ganga
5. Hann er að skrifa
6. Hún er að hlusta
7. Hún er að tala í símann
8. Þeir eru að borða
9. Þær eru að horfa á sjónvarpið
10. Þau eru að dansa






## 5.2 Hlustaðu og merktu með tölustaf við rétta mynd



## 5.3 Skrifaðu svörin



Dæmi:  Hann er að borða


a)  Hann er að \_\_\_\_\_

b)  Hún er að \_\_\_\_\_

c)  Hann er að \_\_\_\_\_

d)  Hann er að \_\_\_\_\_


e)  Þeir eru að \_\_\_\_\_







f)  Þau eru að \_\_\_\_\_

g)  Hann er að \_\_\_\_\_

h)  Hún er að \_\_\_\_\_

i)  Þær eru að \_\_\_\_\_

j)  Hún er að \_\_\_\_\_

hann 	þeir 
hún 	þær 
það 	þau 

## 6. Suzy kann að spila á saxófón


Suzy kann að spila á saxófón.

En þú? Kannst þú að spila á saxófón?

Já, ég kann að spila á saxófón.

Nei, ég kann ekki að spila á saxófón.



Kannt þú að baka brauð?	Já, <b>ég kann</b> að baka brauð.	
Kanntu að keyra bíl?	Já. Nei, <b>ég kann ekki</b> að keyra bíl. Nei.	

### 6.1 Hver kann hvað?



Spurðu alla í bekknum

	Já	Nei	
a) Kannt þú að teikna?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<i>ég kann</i> _____
b) Kannt þú að spila á gítar?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
c) Kannt þú að tala pólsku?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
d) Kannt þú að spila fótbolta?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
e) Kannt þú að synda?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
f) Kannt þú að þrjóna?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
g) Kannt þú að baka köku?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
h) Kannt þú að syngja?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____
i) Kannt þú að elda mat?	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	_____

## 7. Hvað kann ég?




### 7.1 Tölum saman!



- a) Komdu sæll/Komdu sæl
- b) Hvað segir þú gott?
- c) Hvað heitir þú?
- d) Hvaðan ert þú?
- e) Hvaða mál talar þú?
- f) Hvar átt þú heima?
- g) Ert þú giftur/Ertu gift?
- h) Átt þú börn?
- i) Ert þú að vinna á spítala?
- j) Ert þú að leita að vinnu?
- k) Hvað ert þú að gera núna?
- l) Kanntu að spila á gítar?
- m) Hvernig segi ég góðan daginn á þínu máli?

### 7.2 Segðu frá bekkjarfélaga þínum

	Hann/Hún heitir	
	Hann/Hún er frá	
	Hann/Hún talar	
	Hann/Hún kann að spila á gítar. Hann/Hún kann ekki að spila á gítar.	
	Hann/Hún kann að	
	Hann/Hún segir	á sínu máli.

### 7.3 Viðtal. Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



Ása: Hvað \_\_\_\_\_ þú?

Mark: \_\_\_ heiti Mark.

Ása: Hvaðan \_\_\_\_\_, Mark?

Mark: Frá Hollandi.

Ása: \_\_\_\_\_ giftur?

Mark: Nei, ég er í sambúð.

Ása: \_\_\_\_\_ börn?

Mark: Já, ég á eitt barn.

Ása: \_\_\_\_\_ þú heima?

Mark: Ég á heima á Selfossi.

Ása: \_\_\_\_\_ talar þú?

Mark: Ég tala hollensku, ensku, þýsku og smá íslensku.

Ása: \_\_\_\_\_ ertu að vinna?

Mark: Ég er að vinna á hóteli.

Ása: Takk fyrir. Vertu \_\_\_\_\_

Mark: Takk, sömuleiðis. Bless, bless.

## 8. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



### 1. Ég kann að segja hvar ég á heima

Ég á heima ...

### 2. Ég kann að segja hvernig ég fer í skólann

Ég ...

fer gangandi

fer í strætó

hjóla

keyri

fæ far

### 3. Ég kann að spyrja

Hvar átt þú heima?

Hvernig ferð þú í skólann?

### 4. Ég kann að segja frá sjálfum mér/sjálfri mér

Ég er giftur/gift

Ég er skilinn/skilin

Ég er í sambúð

Ég á barn/börn

Ég á ekki börn

### 5. Ég kann að spyrja

Ertu giftur?

Ertu gift?

Átt þú börn?

Hvað átt þú mörg börn?

### 6. Ég kann að segja

Ég er að vinna ...

Ég er að leita að vinnu

### 7. Ég kann að spyrja

Ertu að vinna?

Hvar ertu að vinna?

### 8. Ég kann að segja hvað fólkíð er að gera



### 9. Ég kann að segja hvað ég kann að gera

Ég kann að .....

### 10. Ég kann að spyrja

Kannt þú að .....

## Að ætla, að langa, að finnast

**Að ætla**  
 ég ætla  
 þú ætlar  
 hann }  
 hún } ætlar  
 það }  
  
 við ætlum  
 þið ætlið  
 þeir }  
 þær } ætla  
 þau }

**Að langa**  
 mig langar  
 þig langar  
 hann }  
 hana } langar  
 það }  
  
 okkur langar  
 ykkur langar  
 þá }  
 þær } langar  
 þau }

**Að finnast**  
 mér finnst  
 þér finnst  
 honum }  
 henni } finnst  
 því }  
  
 okkur finnst  
 ykkur finnst  
 þeim }  
 þeim } finnst  
 þeim }

ætla + nefnifall  
 langar + þolfall  
 finnast + þágufall

Hvað ætlar þú að gera?  
 Hvað langar þig að gera?  
 Hvað finnst þér gaman að gera?



*Eg ætla í sund á eftir.  
 Mig langar í sund á morgun.  
 Mér finnst gaman að fara í sund.*



*Ég ætla að horfa á sjónvarpið í kvöld.  
 Mig langar að horfa á sjónvarpið í kvöld.  
 Mér finnst gaman að horfa á sjónvarpið.*

Búðu til fleiri svona dæmi með áhugamálum!



að fara á kaffihús

---



---



---



að fara á bókasafnið

---



---



---



○ að veiða

---



---



---



## Málfræði M

### að eiga

ég	á		í Reykjavík	Átt þú...? = Áttu...?
þú	átt		í Kópavogi	
hann	á	heima	á Akureyri	
hún	á		á Ísafirði	
það	á		á Egilsstöðum	

### Sagnir í orðabók



að baka	að fá	að þrjóna	<b>að vinna</b>	<b>að kunna</b>
að borða	að ganga	að skrifa	ég vinn	ég kann
að búa	að hjóla	að spila	þú vinnur	þú kannt
að dansa	að hlusta	að synda	hann vinnur	hann kann
að drekka	að horfa	að syngja	hún vinnur	hún kann
að eiga	að keyra	að tala		
að elda	að leita	að teikna		
að fara	að lesa	að vinna		

### Samsett nútíð

Ég	er	að vinna	<b>Við</b>	<b>erum</b>	að borða
Þú	ert	að dansa	<b>Þið</b>	<b>eruð</b>	að hjóla
Hann	er	að skrifa	<b>Þeir</b>	eru	að ganga
Hún	er	að tala	<b>Þær</b>	eru	að horfa
Það	er	að lesa	<b>Þau</b>	eru	að hlusta
Ég	er	<b>ekki</b>	að vinna		
Þú	ert	<b>ekki</b>	að dansa		
Hann	er	<b>ekki</b>	að skrifa		
Hún	er	<b>ekki</b>	að tala		
Það	er	<b>ekki</b>	að lesa		

## Spurnarorð

Spurning		Svar
<b>Hvar</b>	áttu heima?	Í Kópavogi.
<b>Hvar</b>	vinnur þú?	Á spítala.
<b>Hver</b>	er þetta?	Þetta er Símon.
<b>Hver</b>	kann að syngja?	Adam kann að syngja.
<b>Hvernig</b>	ferð þú í skólann?	Ég keyri.
<b>Hvað</b>	ertu að gera?	Ég er að lesa.
<b>Hvað</b>	áttu mörg börn?	Ég á tvö börn.

Já og nei spurningar	Svar
Ertu giftur? Ertu gift?	<b>Já.</b>
Er Susanna skilin?	<b>Nei.</b>
Átt þú börn? Átt þú heima í Reykjavík? Á hann börn? Á hún heima á Selfossi?	
Talar þú ensku? Talar hún íslensku?	
Kannt þú að syngja? Kann hann að dansa?	

## Kyn

Hann	Hún
Hann er <b>giftur</b> .	Hún er <b>gift</b> .
Hann er <b>skilinn</b> .	Hún er <b>skilin</b> .

## Eignarfornöfn

minn/þinn	mín/þín	mitt/þitt
Strákurinn <b>minn</b> heitir ...	Stelpan <b>mín</b> heitir ...	Barnið <b>mitt</b> heitir ...
Maðurinn <b>minn</b> heitir ...	Konan <b>mín</b> heitir ...	Húsið <b>mitt</b> er á Íslandi
Hvað heitir maðurinn <b>þinn</b> ?	Hvað heitir konan <b>þín</b> ?	Hvað heitir barnið <b>þitt</b> ?



# Að eiga



## Nafnorð



Ég á



Ég á

Þú átt



Þú...

Hann á



Hún á



Það á



Við eigum



Þið eigið



Þeir eiga



Þær eiga



Þau eiga



### Orðaforði / glossary

að eiga = *to have* / nafnorð = *noun*





## 1. Að telja frá 0–20. Hlustaðu og endurtaktu



H1.29


0 = núll	11 = ellefu	21 = tuttugu og einn
1 = einn	12 = tólf	22 = tuttugu og tveir
2 = tveir	13 = þrettán	23 = tuttugu og þrír
3 = þrír	14 = fjórtán	24 = tuttugu og fjórir
4 = fjórir	15 = fimmtán	25 = tuttugu og fimm
5 = fimm	16 = sextán	26 = tuttugu og sex
6 = sex	17 = sautján	27 = tuttugu og sjö
7 = sjö	18 = átján	28 = tuttugu og átta
8 = átta	19 = nítján	29 = tuttugu og níu
9 = níu	20 = tuttugu	
10 = tíu		

## 1.1 Hvað eru þetta margir...?

Hvað eru þetta margar rósir?  
Þetta eru...















Hvað eru þetta mörg borð?  
Þetta eru...



Hvað eru þetta margir bílar?  
Þetta eru...



## 2. Tölurnar 1, 2, 3 og 4

Hann	Hún	Það
einn maður 	ein kona 	eitt hús 
tveir menn 	tvær konur 	tvö hús 
þrír menn 	þrjár konur 	þrjú hús 
fjórir menn 	fjórar konur 	fjögur hús 

### 2.1 Að nota tölurnar 1, 2, 3 og 4!

*Símanúmerið: einn, tveir, þrír, fjórir*

**Æfðu þig að segja þessi símanúmer:**

562 1327 fimm sex tveir einn þrír tveir sjö

823 5494


699 4321

898 3322

692 4539

562 2319

### 2.2 Hlustaðu og skrifaðu símanúmerin



H1.30

Jói: Hæ Anna! Gaman að sjá þig!

Anna: Sömuleiðis. Hvað segirðu gott?

Jói: Ég var að kaupa nýjan síma og er með nýtt símanúmer.


Anna: Ókei. Hvað er nýja númerið?

Jói: \_\_\_\_\_

Jói: Segðu mér númerið þitt líka.

Anna: \_\_\_\_\_

Jói: Við heyrumst. Ég hringi í þig!



### 3. Fleiri tölur. Hlustaðu og endurtaktu



H1.31

10 = tíu	60 = sextíu	100 = eitt hundrað	1000 = eitt þúsund
20 = tuttugu	70 = sjötíu	200 = tvö hundruð	2000 = tvö þúsund
30 = þrjátíu	80 = áttatíu	300 = þrjú hundruð	3000 = þrjú þúsund
40 = fjörutíu	90 = níutíu	400 = fjögur hundruð	4000 = fjögur þúsund
50 = fimmtíu	100 = hundrað	500 = fimm hundruð	5000 = fimm þúsund

#### 3.1 Að nota tölurnar 1, 2, 3 og 4!

*Kennitalan: einn, tveir, þrír, fjórir*

**Æfðu þig að segja þessar kennitölur:**

070273-2419 núll sjö núll tveir sjötíu og þrír tuttugu og fjórir nítján

141181-3869

211265-2179

310678-3349

021090-4520

130889-2979

#### 3.2 Hlustaðu og strikaðu undir rétta kennitölu



H1.32

a) 120345-6789    210245-7629    280547-6739

b) 300467-4589    301277-4519    301069-4449

c) 260188-2889    270887-2889    220388-2899



## 4. Að nota tölurnar 1, 2, 3 og 4!

**Ártöl:** eitt, tvö, þrjú, fjögur

**Æfðu þig að segja þessi ártöl:**

Árið 1999 nítján hundruð níutíu og níu	Árið 2004	Árið 2009
Árið 2000 tvö þúsund	Árið 2005	Árið 2010
Árið 2001 tvö þúsund og eitt	Árið 2006	Árið 2011
Árið 2002 tvö þúsund og ...	Árið 2007	Árið 2012
Árið 2003	Árið 2008	Árið 2013

### 4.1 Hvenær komst þú til Íslands?



H1.33

Kennari: Sæll Alexander, hvað segir þú?

Nemandi: Ég segi allt gott, en þú?

Kennari: Allt fínt. Þú talar góða íslensku núna.

Nemandi: Takk fyrir, ég er búinn að læra mikið.

Kennari: Hvað ertu búinn að búa lengi á Íslandi?

Nemandi: Í mörg ár!

Kennari: Hvenær komst þú til Íslands?

Nemandi: Ég kom árið 2004 (tvö þúsund og fjögur).



	Hvenær <b>komst þú</b> til Íslands? Hvenær <b>komstu</b> til Íslands?  Hvað ert þú <b>búin/n</b> að búa lengi á Íslandi?	<b>Ég kom</b> árið 2007 Árið 2008  Í eitt (1) ár Í tvö (2) ár Í þrjú (3) ár Í fjögur (4) ár Í fimm (5) ár
--	---	--

### 4.2 Skrifaðu svarið



Hvenær komst þú til Íslands? \_\_\_\_\_

Hvað ertu búinn að búa lengi á Íslandi? \_\_\_\_\_

### 4.3 Tölum saman!




Skrifaðu orðin sem vantar og spurðu svo!

- Komdu sæll/Komdu sæl.
- Hver er \_\_\_\_\_ þín? Kennitalan mín er \_\_\_\_\_
- Hvað er símanúmerið þitt? \_\_\_\_\_ mitt er \_\_\_\_\_
- \_\_\_\_\_ komstu til Íslands? Ég kom árið \_\_\_\_\_
- Hvað ertu \_\_\_\_\_ að búa lengi á Íslandi? Ég er búin/n að búa í \_\_\_\_\_ ár.

## 5. Upphæðir

### 5.1 Hundrað og þúsund: eitt, tvö, þrjú, fjögur

Hvað kostar þetta?




### 5.2 Tengdu rétta mynd við rétt verð




Dæmi:




fimm þúsund og fjögur hundruð



þrjú þúsund og þrjú hundruð



tvö þúsund og tvö hundruð



tvö hundruð þúsund



eitt þúsund og tvö hundruð



fjögur þúsund og fjögur hundruð

### 5.3 Í búð




H1.34

Afgreiðslukona: Get ég aðstoðað þig?

Kona: Hvað kostar þessi jakki?

Afgreiðslukona: Hann kostar sautján þúsund og þrjú hundruð krónur. (17.300 kr.)

Kona: Hvenær er útsala?



**Hvað segir Fríða frænka?**

Er dýrt að kaupa í matinn á Íslandi?  
Hvað er dýrt á Íslandi?  
En hvað er ódýrt á Íslandi?

### 5.4 Hlustaðu og skrifaðu tölurnar með tölustöfum



H1.35

Dæmi: Þetta er   1   strákur.

1. Þetta er \_\_\_\_\_ stelpa.
2. Þetta eru \_\_\_\_\_ börn.
3. Þetta eru \_\_\_\_\_ stólar.
4. Þetta er \_\_\_\_\_ strákur.
5. Þetta eru \_\_\_\_\_ borð.
6. Þetta eru \_\_\_\_\_ appelsínur.
7. Þetta eru \_\_\_\_\_ bílar.
8. Þetta eru \_\_\_\_\_ kaffibollar.
9. Þetta eru \_\_\_\_\_ lampar.
10. Þetta eru \_\_\_\_\_ glös.
11. Þetta eru \_\_\_\_\_ kerti.
12. Þetta eru \_\_\_\_\_ hús.
13. Þetta er \_\_\_\_\_ barn.
14. Þetta eru \_\_\_\_\_ konur.
15. Þetta eru \_\_\_\_\_ kindur.
16. Þetta eru \_\_\_\_\_ nemendur.
17. Þetta eru \_\_\_\_\_ bátar.
18. Þetta eru \_\_\_\_\_ jakkar.
19. Þetta eru \_\_\_\_\_ blýantar.
20. Þetta eru \_\_\_\_\_ sjónvörp.



## 6. Hvað kann ég?



Vala og Símon eru að tala saman.  
Vala ætlar að leigja íbúð. Símon á íbúðina.

**Hlustaðu á samtalið og merktu við réttar upplýsingar**



H1.36

### 1. Kennitala Völu er

- 120484-3349
- 170572-3399
- 170482-3399
- 160783-4339

### 2. Símanúmer Völu er

- 889 4271
- 899 3211
- 898 3311
- 888 2311

### 3. Símanúmer Simons er

- 784 6092
- 684 7092
- 684 7093
- 487 6900

### 4. Símon kom til Íslands árið

- 2001
- 2002
- 2003
- 2004

### 5. Hvað kostar að leigja?

- 124.000 krónur á ári
- 124.000 krónur á mánuði
- 127.000 krónur á mánuði
- 147.000 krónur á ári



## 7. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



7.1 Ég kann að **telja** á íslensku:

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12

13 14 15 16 17 18 19 20 21 ...

30 40 50 60 70 80 90 100

200 300 400 500 600 700 800 900

1000 2000 3000 4000 5000 100.000 1.000.000

7.2 Ég kann að **segja símanúmerið** mitt

Símanúmerið mitt er ...

7.3 Ég kann að **spyrja um símanúmer**

Hvað er símanúmerið þitt?

7.3 Ég kann að **segja kennitöluna** mína



Kennitalan mín er ...

7.4 Ég kann að **segja hvaða ár** ég kom til Íslands

Ég kom til Íslands árið ...

7.5 Ég kann að segja **hvað hlutir kosta**

Þetta kostar ...



7.6 Ég kann að **spyrja um verð**

Hvað **kostar** þetta?



## Tölur - kyn

	<b>hann - þeir</b> (karlkyn - kk)	<b>hún - þær</b> (kvenkyn - kvk)	<b>það - þau</b> (hvorugkyn - hk)
<b>1</b>	<b>einn</b>	<b>ein</b>	<b>eitt</b>
<b>2</b>	<b>tveir</b>	<b>tvær</b>	<b>tvö</b>
<b>3</b>	<b>þrír</b>	<b>þrjár</b>	<b>þrjú</b>
<b>4</b>	<b>fjórir</b>	<b>fjórar</b>	<b>fjögur</b>
<b>5</b>	<b>fimm</b>	<b>fimm</b>	<b>fimm</b>
1	einn strákur	ein stelpa	eitt barn
2	tveir strákar	tvær stelpur	tvö börn
3	þrír strákar	þrjár stelpur	þrjú börn
4	fjórir strákar	fjórar stelpur	fjögur börn
5	fimm strákar	fimm stelpur	fimm börn

## Fleirtala nafnorða

	<b>karlkyn - kk</b> hann þeir	<b>kvenkyn - kvk</b> hún þær	<b>hvorugkyn - hk</b> það þau
<b>eintala</b>	strákur	stelpa	hús
<b>fleirtala</b>	strákar	stelpur	hús
<b>eintala</b>	jakki	kaka	barn
<b>fleirtala</b>	jakkar	kökur	börn
<b>eintala</b>	bíll	æfing	epli
<b>fleirtala</b>	bílar	æfingar	epli

## Óvenjuleg fleirtala

	<b>karlkyn - kk</b> hann þeir	<b>kvenkyn - kvk</b> hún þær	<b>hvorugkyn - hk</b> það þau
<b>eintala</b>	<b>maður</b>	<b>bók</b>	auga
<b>fleirtala</b>	<b>menn</b>	bækur	augu
<b>eintala</b>		mynd	
<b>fleirtala</b>		myndir	

## Spurnarorð

Spurning		Svar
Hvað	kostar þetta?	7500 krónur.
Hvað	er símanúmerið þitt?	697 3413.
Hvað	ertu búin/n að búa lengi á Íslandi?	Í tvö ár.
Hver	er kennitalan þín?	181284-3579.
Hvenær	komst þú til Íslands?	Árið 2008.
Hvenær	komstu til Íslands?	2007.
Hvenær	er útsala?	Í dag.





### 1. Til hamingju með afmælið



H1.37

Anna á afmæli í dag. Hún er tuttugu og fimm ára (25 ára).

Í afmælinu er matur og stór afmæliskaka.

Það eru margir gestir í heimsókn, bæði fjölskyldan og vinir.

Símon, vinur hennar, kemur með stóra gjöf.

Anna: Halló Símon, velkominn! Komdu inn.

Símon: Til hamingju með afmælið. Gjörðu svo vel.

Anna: Vá, stór pakki! Takk fyrir.



### 2. Hvenær átt þú afmæli?



H1.38

Nanna: Hvenær átt þú afmæli?

Rafael: Ég á afmæli 8. maí (áttunda maí), en þú?

Nanna: Ég á afmæli 14. nóvember (fjórtánda nóvember).

Hvenær átt þú afmæli?

Fyrsta apríl (1. apríl).

Hvenær áttu afmæli?

Fimmtánda ágúst (15. ágúst).




#### Hvað segir Fríða frænka?

Barnaafmæli eru vinsæl á Íslandi.

Það er oft súkkulaðikaka í barnaafmælum á Íslandi.

Borðar þú súkkulaðiköku?



## 2.1 Afmælissöngurinn

Hann/hún á afmæli í dag

Hann/hún á afmæli í dag

Hann/hún á afmæli, hann/hún ...

Hann/hún á afmæli í dag



Til hamingju með **afmælið!**


Til hamingju með **daginn!**

## 3. Mánuðirnir



H1.39

Hlustaðu og endurtaktu



### 3.1 Ég á afmæli ...

Ég á afmæli **fyrsta** júní (1. júní).

Ég á afmæli **annan** október (2. október).

Ég á afmæli **sautjándi** maí (17. maí).

Ég á afmæli **tuttugasta og þriðja** febrúar (23. febrúar).

## 4. Raðtölur H1.40

### Hlustaðu og endurtaktu

1. = fyrsti	6. = sjötti	11. = ellefti	16. = sextándi	21. = tuttugasti og fyrsti
2. = annar	7. = sjöundi	12. = tólfti	17. = sautjándi	22. = tuttugasti og annar
3. = þriðji	8. = áttundi	13. = þrettándi	18. = átjándi	30. = þrítugasti
4. = fjórði	9. = níundi	14. = fjórtándi	19. = nítjándi	31. = þrítugasti og fyrsti
5. = fimmti	10. = tíundi	15. = fimmtándi	20. = tuttugasti	

### 4.1 Hvaða mánaðardagur er í dag?

Í dag er sautjándi maí.



Hvaða mánaðardagur er í dag?


Hvaða mánaðardagur var í gær?

Hvaða mánaðardagur er á morgun?

## 5. Vetur, sumar, vor og haust



vor



sumar



haust



vetur



### Hvað segir Fríða frænka?

Dagsetningar á Íslandi eru alltaf skrifaðar svona - dagurinn á undan mánuðinum:

03. 11 = þriðji nóvember

10. 06 = tíundi júní

15. 01 = fimmtándi janúar

31. 03 = þrítugasti og fyrsti mars

## 6. Dagarnir í vikunni H1.41

### Hlustaðu og endurtaktu

mánudagur

miðvikudagur

föstudagur

sunnudagur

þriðjudagur

fimmtudagur

laugardagur

Helgi er laugardagur og sunnudagur.

### 6.1 Hvaða dagur er í dag? Skrifaðu svörin



Hvaða dagur er í dag? Í dag er \_\_\_\_\_

Hvaða dagur var í gær? Í gær var \_\_\_\_\_

Hvaða dagur er á morgun? Á morgun er \_\_\_\_\_

### 6.3 Tölum saman!

- Hvaða dagur var í gær?
- Hvaða dagur er á morgun?
- Hvaða mánaðardagur er í dag?
- Hvenær átt þú afmæli?
- Borðar þú köku á afmælisdaginn þinn?



#### Hvað segir Fríða frænka?

Jólin eru í desember. *Gleðileg jól!*



Þáskarnir eru í mars eða apríl. *Gleðilega páska!*



Þjóðhátíðardagur Íslands er 17. júní (sautjándi júní).



Hvenær er stærsta hátíðin í þínu landi?

## 7. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann að segja  
**hvenær** ég á afmæli

Ég á afmæli ...

2. Ég kann að **spyrja**

Hvenær átt þú afmæli?

3. Ég kann **mánuðina**

janúar

febrúar

mars

apríl

maí

júní

júlí

ágúst

september

október

nóvember

desember

4. Ég kann **dagana**

mánudagur

þriðjudagur

miðvikudagur

fimmtudagur

föstudagur

laugardagur

sunnudagur

5. Ég kann **orðin**

vetur

vor

sumar

haust

6. Ég kann **orðin**

í dag

í gær

á morgun

7. Ég kann að segja **hvaða**  
**mánaðardagur** er í dag

Í dag er ...

8. Ég kann að **segja**

Til hamingju með afmælið!

Til hamingju með daginn!

**Raðtölur**

1. = fyrsti	11. = ellefti	21. = tuttugasti og fyrsti
2. = annar	12. = tólfthi	22. = tuttugasti og annar
3. = þriðji	13. = þrettándi	23. = tuttugasti og þriðji
4. = fjórði	14. = fjórtándi	24. = tuttugasti og fjórði
5. = fimmti	15. = fimmtándi	25. = tuttugasti og fimmti
6. = sjötti	16. = sextándi	26. = tuttugasti og sjötti
7. = sjöundi	17. = sautjándi	27. = tuttugasti og sjöundi
8. = áttundi	18. = átjándi	28. = tuttugasti og áttundi
9. = níundi	19. = níttjándi	29. = tuttugasti og níundi
10. = tíundi	20. = tuttugasti	30. = þrítugasti
		31. = þrítugasti og fyrsti

i → a	
	Ég á afmæli....
(1.) fyrsti	fyrsta
(3.) þriðji	þriðja
(4.) fjórði	fjórða
(5.) fimmti	fimmta
<i>Í dag er fyrsti janúar</i>	
<i>Ég á afmæli fyrsta janúar</i>	
<i>Ég fer til Akureyrar þriðja maí</i>	


annar (2.) → annan
<i>Í dag er annar febrúar</i>
<i>Ég á afmæli annan febrúar</i>
<i>Ég fer til London annan ágúst</i>

**Spurnarorð**

Spurning		Svar
Hvenær	átt þú afmæli?	Ég á afmæli fyrsta mars.
Hvenær	ferð þú til Selfoss?	Ég fer á mánudaginn.
Hvaða	dagur er í dag?	Í dag er mánudagur. Mánudagur.







## 1. Hvað er klukkan?



Dæmi:

*Hún er fimm*

1. \_\_\_\_\_



2. \_\_\_\_\_



3. \_\_\_\_\_



4. \_\_\_\_\_



5. \_\_\_\_\_



6. \_\_\_\_\_

## 1.1 Fyrirgefðu, geturðu sagt mér hvað klukkan er?



H1.42

Maður: Fyrirgefðu, geturðu sagt mér hvað klukkan er?

Kona: Já, alveg sjálfsagt. Hún er hálf þrjú. (2.30)


Maður: Þú ert mjög falleg. Má ég fá símanúmerið þitt?

Kona: Fyrirgefðu, ég skil ekki íslensku!



<p><b>Geturðu sagt mér hvað klukkan er?</b></p> <p>Takk fyrir Takk kærlega</p> <p>Hvað er klukkan?</p>	<p>Hún er átta (8).</p> <p>Það var ekkert.</p> <p>Afsakið, ég er ekki með úr. Klukkan er ...</p>	
--	--	--

## 2. Klukkan er hálf níu



Kl. 7:10

Tíu mínútur **yfir** sjö



Kl. 4:40

Tuttugu mínútur í fimm



Kl. 8:30

**Hálf níu**



Kl. 2:15

**Korter yfir** tvö




Kl. 11:45

**Korter í** tólf

## 2.1 Hlustaðu og merktu með bókstaf við rétta klukku





H1.43




## 2.2 Skrifaðu svörin og æfðu þig að segja hvað klukkan er




Dæmi:  Ég skrifa: 9:10  
 Ég segi: Klukkan er tíu mínútur yfir níu.


1.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
 Ég segi: \_\_\_\_\_


2.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
 Ég segi: \_\_\_\_\_


3.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
 Ég segi: \_\_\_\_\_


4.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
 Ég segi: \_\_\_\_\_


5.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
Ég segi: \_\_\_\_\_

6.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
Ég segi: \_\_\_\_\_


7.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
Ég segi: \_\_\_\_\_

8.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
Ég segi: \_\_\_\_\_

9.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
Ég segi: \_\_\_\_\_

10.  Ég skrifa: \_\_\_\_\_  
Ég segi: \_\_\_\_\_

### 2.3 Hlustaðu og strikaðu undir réttan tíma



H1.44

Dæmi: Klukkan er 8.10 7.50

a) Klukkan er 10.45 11.15

b) Klukkan er 13.00 20.00

c) Klukkan er 5.30 6.30

d) Klukkan er 4.50 5.10

e) Klukkan er 3.25 2.35

f) Klukkan er 7.55 8.05

g) Klukkan er 2.30 1.30

h) Klukkan er 4.15 3.45

### 3. Helena



Helena vinnur í blómabúð.

Hún elskar rósir og hatar kaktusa!

Hún vinnur stundum **á daginn**  
og stundum **á kvöldin**.

Á daginn byrjar hún að vinna klukkan níu.

Hún er búin að vinna klukkan fimm.

Hún vinnur frá klukkan níu til klukkan fimm.

Á kvöldin vinnur hún frá klukkan fimm til tíu.

Hún vaknar alltaf klukkan sjö **á morgnana**

og fer að sofa klukkan hálf tólf á kvöldin.

Hún sefur alltaf vel **á nóttunni**.

Helena sefur út um helgar og vaknar  
klukkan ellefu á sunnudögum.



á morgnana



á daginn



á kvöldin



á nóttunni

#### 3.1 Spyrjið og svarið



1. Hvenær vinnur Helena á daginn? \_\_\_\_\_


2. Hvenær vinnur hún á kvöldin? \_\_\_\_\_

3. Klukkan hvað vaknar hún á morgnana? \_\_\_\_\_

4. Hvenær fer Helena að sofa? \_\_\_\_\_


### 3.2 Hlustaðu og skrifaðu réttan tíma með tölustöfum



Dæmi:  á mánudaginn kl. 7.30 fer Helena í sund.

 á þriðjudaginn kl. \_\_\_\_\_ fer Helena í heimsókn.

 á miðvikudaginn kl. \_\_\_\_\_ fer Helena til tannlæknis.

 á fimmtudaginn kl. \_\_\_\_\_ fer Helena í skólann.

 á föstudaginn kl. \_\_\_\_\_ fer Helena á kaffihús.

 á laugardaginn kl. \_\_\_\_\_ fer Helena í afmæli.

 á sunnudaginn kl. \_\_\_\_\_ fer Helena í göngutúr.

### 4. Tölum saman!

- |                                       |  |
|---------------------------------------|--|
| a) Fyrirgefðu, hvað er klukkan núna?  |  |
| b) Klukkan hvað byrjar þú í skólanum? | Ég byrja í skólanum klukkan...           |
| c) Hvenær ertu búin/n í skólanum?     | Ég er búin/n í skólanum klukkan...       |
| d) Klukkan hvað ferðu að sofa?        | Ég fer að sofa klukkan...                |
| e) Hvenær vaknar þú?                  | Ég vakna klukkan...                      |
| f) Klukkan hvað byrjar þú í vinnunni? | Ég byrja í vinnunni klukkan...           |
| g) Hvenær ertu búin/n í vinnunni?     | Ég er búin/n í vinnunni klukkan...       |
| h) Sefur þú stundum út um helgar?     | Já, ég sefstundum.../Nei, ég sef ekki... |
| i) Sefur þú vel á nóttunni?           | Já, ég sef vel./Nei, ég sef ekki vel.    |



#### Hvað segir Fríða frænka?

Það er hollt og gott að vakna snemma og fara snemma að sofa!

Fara Íslendingar snemma að sofa?

Morgunstund gefur gull í mund!

## 5. Hvað kann ég?




### Segið hvert öðru frá þessari myndasögu

Helena vaknar klukkan hálf átta


Hún...

- vaknar klukkan...
- borðar morgunmat og les blaðið klukkan ...
- tekur strætó klukkan ...
- kemur í vinnuna klukkan ...
- afgreiðir viðskiptavin klukkan ...
- þefar af rósum klukkan ...
- stingur sig á kaktus klukkan ...
- fer í leikfimi klukkan ...
- fer að sofa klukkan ...


7:30



7:55



8:30



9:00



12:25




13:50



17:10



17:25



23:30



## 6. Sjálfsmat – Petta kann ég!

### 1. Ég kann að segja hvað klukkan er

- Klukkan er eitt, tvö, þrjú, fjögur, fimm, sex, sjö, átta, níu, tíu, ellefu, tólf
- Klukkan er fimm mínútur yfir....
- Klukkan er fimm mínútur í....
- Klukkan er korter yfir...
- Klukkan er korter í...
- Klukkan er hálf...

### 2. Ég kann að spyrja

- Hvað er klukkan?
- Geturðu sagt mér hvað klukkan er?

### 3. Ég kann að segja

- Ég byrja í skólanum klukkan...
- Ég er búin/n í skólanum klukkan...
- Ég vinn frá klukkan ..... til klukkan .....
- Ég vakna klukkan...
- Ég fer að sofa klukkan...

### 4. Ég kann að spyrja

- Klukkan hvað byrjar þú í skólanum?
- Hvenær ertu búin/n í skólanum?
- Hvenær vaknar þú?
- Klukkan hvað ferð þú að sofa?

### 5. Ég kann að segja

- Ég sef stundum út um helgar
- Ég sef vel
- Ég sef ekki vel

### 6. Ég kann að spyrja

- Sefur þú stundum út um helgar?
- Sefur þú vel?

### 7. Ég kann orðin

- á morgnana
- á daginn
- á kvöldin
- á nóttunni










Sagnir: Regla 1 (-a, -ar sagnir)

	að borða (1)	að tala (1)
ég	borða	tala
þú	borðar	talar
hann	borðar	talar
hún	borðar	talar
það	borðar	talar
við	borðum	tölum
þið	borðið	talið
þeir	borða	tala
þær	borða	tala
þau	borða	tala

Fleiri sagnir (1)	
að elska	→ ég elska
að hata	→ ég hata
að vakna	→ ég vakna
að byrja	→ ég byrja
að hlusta	→ ég hlusta
að dansa	→ ég dansa
að skrifa	→ ég skrifa

Tíminn

Tímaorð
alltaf
oft
stundum
aldrei

Klukkan er eitt 	Klukkan er tíu mínútur í fimm 
Klukkan er tvö 	Klukkan er korter yfir sex 
Klukkan er þrjú 	Klukkan er hálf átta 
Klukkan er fjögur 	

að vera búin/n	
karlkyn	Hann er búinn að vinna klukkan sjö.
kvenkyn	Hún er búin að vinna klukkan átta.
hverugkyn	Barnið (það) er búið að borða.

